

Dags eftirlits	24.7.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	PCC BakkiSilicon hf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Valholtsvegur 3	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	4500612-0140	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Erlingur E.Jónasson	ÍSAT nr.	09.90.0
Fulltrúi fyrirtækis	Elma Sif Einarsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit vegna endurræsingar á ofni, en hann hefur verið úr rekstri frá 9. júlí sl.

Farið var yfir skráningar á atvikinu og rötargreiningu, farið yfir stöðu á uppkeyrslu ofnsins og aðstæður skoðaðar þar sem að bruni átti sér stað 9. júlí sl.

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik frá starfsleyfi en tvær ábendingar voru gerðar við starfsemina.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að ræða hvernig staðan væri á uppkeyrslu ofnsins. Uppkeyrsla hófst um kl 17 daginn áður (23. júlí) og miðaði ágætlega. Ekki þurfti að grípa til endurfóðringa eða annarra undirbúningsaðgerða við uppkeyrsluna. Búist var við að uppkeyrslan myndi taka nokkurn tíma en var ofninn kominn í upp undir 50% álag þegar eftirlitið fór fram.

Farið var yfir skráningar á atvikum sem áttu sér stað 9. júlí sl. en í tvígang þurfti að opna fyrir neyðarskorsteina vegna rafmagnsleysis og voru þeir opnir í um klst í hvort skipti. Um kvöldið sama dag varð bruni í mötunarbúnaði sem olli skemmdum á mötunarbúnaði og rafskautapalli. Ofninum var þá slegið út og slökkvilið kallað til. Vel gekk að slökkva eldinn. Lögregla, Mannvirkjastofnun og tryggingafélagið komu í kjölfarið og tóku út aðstæður. Rekstraraðili hefur farið í rötargreiningu á atvikinu og fundið mögulegar tilgátur um ástæður brunans en um nokkra samverkandi þætti virðist vera að ræða. Ráðist hefur verið í ýmsar úrbætur til að fyrirbyggja sambærileg atvik. Rannsókn og úrbótum vegna atviksins er ekki lokið en m.a. er beðið eftir niðurstöðum úttektaraðila sem geta varpað nýju ljósi á rannsóknina. Vel er haldið utan um skráningakerfi fyrir ábendingar og atvik sem þessi. Bráðabirgðaniðurstöður Lögreglu og Mannvirkjastofnunar gefa til kynna að hvorki hafi verið um saknæmt atvik að ræða né að kveiknað hafi í út frá rafmagni. Þá bendir rannsóknin ekki til á þessu stigi að bruninn hafi tengst rafmagnsleysinu sem átti sér stað fyrr um daginn.

Farið var í skoðunarferð í ofnhús og stjórnstöð fyrir ofna. Rafskautapallur hafði verið lagfærður og settar Viroc eldtefjandi plötur til hlífðar krossviðnum ofl. fyrirbyggjandi aðgerðir. Í stjórnherbergi var hópur sérfræðingar frá PCC og ráðgjafar frá SMS og fylgdust með tölvukerfum fyrir búnaðinn.

ATHUGASEMDIR

Umhverfisstofnun hvetur rekstraraðila að halda áfram góðri upplýsingagjöf um reksturinn. Bent var á að ekki væru sjáanlegar tilkynningar á heimasíðu PCC um uppkeyrslu ofnsins. Brugðist var við því jafnskjótt.

Aðgangshlið er vaktað með myndavélum en merkja mætti betur móttökuna í skrifstofubyggingu til að vísa gestkomandi á réttan stað við komu.

ANNAÐ

Um kl 15:30 sama dag og eftirlitið fór fram var eftirlitsaðila tilkynnt um að ofninum hafi verið slegið út að nýju vegna vatnsleka frá vökvakerfi ofnsins. Ofninn var keyrður af stað aftur um kl 23 sama dag.

Umhverfisstofnun barst fyrirspurn 25. júlí frá íbúa sem lýsti yfir áhyggjum af rekstrarörðugleikum ofnsins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.07.2018


Halla Einarsdóttir